



10. fundur

Fundargerð

Fundur haldinn í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 8. janúar 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt: Gudjon Helgason (GH), Eymundur Sigurðsson (ES), Geirharður Long (GL), Hekla Klemenzdóttir (HK), Auður Gunnarsóttir (AG) og Gylfi Gíslason (GG). Einnig sat framkvæmdastjóri Indriði Jósafatsson fundinn. Forföll boðaði Lára Berglind Helgadóttir.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samningur við Eldingu

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu samning þar sem samskiptin milli UMFA og Eldingar eru skýrð og fjármálin milli aðila frágengin og gerð upp.

Stjórnin samþykkir tillögu formanns og framkvæmdastjóra án athugasemda.

2. Stjórnarseta í Heilsuvín

Stjórn Heilsuvínjar óskar eftir því að Afturelding tilnefni einn fulltrúa sem stjórnarmann. Framkvæmdastjóri hefur áhuga á að taka þátt í þessu starfi og er tilbúinn að gefa kost á sér samþykki stjórn það.

Stjórnin samþykkir samhljóða að tilnefna IJ í stjórn til eins árs.

3. Starfslýsingar IJ. og KO.

Starfslýsingar framkvæmdastjóra og verkefnastjóra samdar og lagðar fram til framkvæmdastjóra.

4. Vinnuhópur v. framtíðar uppbyggingar íþróttamannvirkja.

Stjórnin leggur til við framkvæmdastjóra að hann komi á laggirnar vinnuhópi þar sem hver deild fái einn fulltrúa (10 fulltrúar). Síðan komi amk 2 fulltrúar aðalstjórnar inn í hópinn og stýra vinnunni ásamt framkvæmdastjóra (samtals amk 13 þátttakendur).

5. Skipting og úthlutun styrkja 2014.

Úthlutunarreglur afreksstyrkja 2014. Stefnt að því að málið verði afgreitt á næsta fundi.

6. Önnur mál.

IJ kynnti nokkur mál varðandi rekstur skrifstofu og önnur mál, sem hann hefur verið að vinna að.

GH ræddi þorablót Aftureldingar.

Formaður sleit fundi kl. 22.00

Eymundur Sigurðsson
(sign.)